



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA

Skýrsla stjórnar

Starfsárin 2002-2005

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 18. og 19. febrúar 2005
á Hótel Selfossi

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2 - 16
• Stjórn Félags grunnskólakennara	2
• Skrifstofa og starfsmannahald	2 – 4
• Fjármál félagsins	4
• Ársfundir	4
• Svæðafélögin og samráðsfundir	4 – 6
• Skoðanakönnun	6
• Skólaheimsóknir	7
• Samninganefnd	7 – 11
• Samstarfsnefnd KÍ og LN	11
• Kjarasamningar við einkaskóla	11 – 12
• Skólamálanefnd	12 – 13
• Fundir og námskeið með trúnaðarmönnum	13
• Haustþing svæðafélaganna	13 – 14
• Uppstillingarnefnd	14
• Kynningar og áróðursstarf	14
• Samráðsnefnd Mrn. / SÍS og KÍ	14 – 15
• Norrænt samstarfs	15
• Lokaorð	16 – 17
Viðauki 1	17 – 18
• Stjórn, ráð og nefndir á vegum FG	17 – 18
Viðauki 2	19
• Félagsmenn FG í stjórnnum, ráðum og nefndum KÍ	19
Viðauki 3	20
• Fulltrúar FG í samstarfsnefndum og ráðum	20
Viðauki 4	21 – 26
• Fundargerð 3. ársfundar FG	21 – 26
Viðauki 5	27 – 33
• Fundargerð 4. ársfundar FG	27 – 33
Skipurit Félags grunnskólakennara	34

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara 18. og 19. febrúar 2005

Skýrsla stjórnar kjörtímabilið 2002 - 2005

Stjórn Félags grunnskólakennara

Á 2. aðalfundi Félags grunnskólakennara sem haldinn var 6. og 7. mars 2002 í tengslum við 2. þing Kennarasambands Íslands, voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins. Finnbogi Sigurðsson formaður, Sesselja G. Sigurðardóttir, Fjóla Höskuldsdóttir, Björk Helle Lassen og Guðrún Snorrardóttir. Í varastjórn voru kjörin Þórður Á Hjaltested, Ásta Ólafsdóttir, Katrín Andrésdóttir, Elín Yngvadóttir og Svava Pétursdóttir. Guðrún hætti í stjórn haustið 2004 og tók Þórður sæti hennar. Er Guðrúnu hér með þökkuð störf hennar í þágu félagsins.

Stjórn FG árið 2005 er því þannig skipuð:

Finnbogi Sigurðsson formaður
Sesselja G. Sigurðardóttir varaformaður
Björk Helle Lassen gjaldkeri
Fjóla Höskuldsdóttir ritari
Þórður Á. Hjaltested meðstjórnandi

Alls hafa verið haldnir 38 stjórnarfundir á tímabilinu 16. mars 2002 til 1. febrúar 2005. Fundir hafa yfirleitt verið stuttir en þess bera að geta að tölvupóstur er notaður á milli funda ef ástæða þykir til. Fundargerðir eru samþykktar á netinu en staðfestar á næsta fundi á eftir. Fastur fundartími var ákveðinn á föstudögum en reynt hefur verið að halda þá í tengslum við aðra fundi, s.s. fundi í samninganefnd. Stjórnin setti sér í upphafi starfsáætlun sem endurskoðuð hefur verið reglulega. Þá ákvað stjórnin að veita kennaranemum áheyrnaraðild að stjórninni og hefur fulltrúi Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, Óskar Haukur Níelsson setið stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Á stjórnarfundum hefur verið fjallað um og afgreidd mál sem tengjast starfsemi félagsins og Kennarasambands Íslands og verður ekki gerð grein fyrir efni fundanna að öðru leyti en því sem fram kemur í skýrslunni.

Skrifstofa og starfsmannahald

Fjárhagsáætlun Kennarasambands Íslands sem afgreidd var á síðasta þingi gerði ráð fyrir tveimur og hálfu stöðugildi fyrir Félag grunnskólakennara. Formaður er í einu þeirra og Sesselja G. Sigurðardóttir varaformaður í öðru en launafulltrúi Kennarasambandsins, Ingibjörg Úlfarsdóttir í 50%. Að auki fjármagnar FG 50% starf Ólafs Loftssonar, formanns KFR. Félagið hefur einnig notið talsverðrar þjónustu annarra starfsmanna Kennarahússins, s.s. Valgeirs Gestssonar, Hannesar Þorsteinssonar, Ástu Eiríksdóttur og Sigríðar Sveinsdóttur sem sér um skrá yfir félagsmenn og trúnaðarmenn og útprentun límmiða. Helgi E. Helgason hefur aðstoðað við gerð ályktana og annast útsendingu þeirra til fjölmiðla. Aðrir starfsmenn sinna félaginu með símsvörun og þjónustu við útsendingu trúnaðarmannabréfa og fleiri stærri útsendingar.

Mikið er leitað til félagsins, félagsmenn eru duglegir að hafa samband og óska eftir svörum við fjölmörgum álitamálum. Flestar fyrirspurnir berast símleiðis en

tölvupóstur hefur auk þess verið mikið notaður og margir sem eiga þess kost líta við á skrifstofunni. Trúnaðarmenn, einstaka kennarar eða kennarahópar og jafnvel skólastjórar óska oft eftir því að forystan komi á kennarafundi og hefur verið mörkuð sú stefna að hafna aldrei slíkum boðum.

Tvö og hálf stöðugildi anna engan veginn þeirri þjónustu og starfsemi sem félagið á lögum samkvæmt að veita, sérstaklega á álagstímum í kringum samninga en einnig ef félagið vill bæði veita góða þjónustu á skrifstofunni og rækta tengslin við kennarana í skólunum. Aðrir starfsmenn Kennarahússins hafa orðið fyrir ónæði vegna þessa og er það miður. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni félagsins og KÍ að leysa málið á sem farsælastan hátt án þess að sprengja fjárhagsrammann.

Félagið hefur til umræða tvö skrifstofuherbergi í Kennarahúsinu og deila varaformaður og formaður KFR öðru en með stækkun KÍ og fjölgun starfsmanna er nánast fullnýttur hver krókur og kimi í húsinu.

Starfslýsingar fyrir þau stöðugildi sem FG hefur yfir að ráða á skrifstofu Kennarasambands Íslands.

Finnbogi Sigurðsson, formaður (100%)

*Framkvæmd og ábyrgð á rekstri Félags grunnskólakennara
Samningamál, kjarasamningagerð, samstarfsnefnd
Skólamál og tengsl við opinbera aðila á því sviði, samráðsnefnd
Erindrektur og tengsl við svæðafélögin, haustþing og aðalfundi
Launamál kennara og leiðbeinenda í grunnskólum, einstaklinga og hópa sem berast skrifstofunni- upplýsingagjöf um allt er varðar kaup og kjör grunnskólakennara
Tengsl við launagreiðendur
Tengsl og samskipti við trúnaðarmenn, umsjón trúnaðarmannanámskeiða
Skólaheimsóknir í samvinnu við svæðafélögin
Samskipti við lögfræðing v/einstaklinga og hópa
Tengsl við fjölmiðla eftir því sem við á
Samkipti / samstarf við formenn annarra aðildarféлага í KÍ
Erlend samskipti – NLS grunnskólasektor*

Sesselja G. Sigurðardóttir, varaformaður (100%), staðgengill formanns

*Skólamál og tengsl við skólamálnefnd og opinbera aðila á því sviði eftir því sem við á
Erindrektur og tengsl við svæðafélögin
Kynningarmál – samstarf við upplýsingasviðið
Skólaheimsóknir í samvinnu við svæðafélögin
Tengsl og samskipti við trúnaðarmenn
Launamál kennara og leiðbeinenda í grunnskólum, einstaklinga og hópa
Vinna við mál einstaklinga og hópa
Önnur tilfallandi störf*

Ólafur Loftsson, formaður KFR (50%)

*Samskipti og tengsl við trúnaðarmenn í grunnskólum Reykjavíkur
Samskipti og tengsl við aðra formenn svæðafélaga
Umsjón með heimasíðu FG
Skólaheimsóknir (Reykjavík)
Samskipti og tengsl við fræðslufirvöl í Reykjavík*

*Almennar fyrirspurnir um launamál kennara og leiðbeinenda í grunnskólum
Önnur tilfallandi störf*

Ingibjörg Úlfarsdóttir, launafulltrúi (50%)

Upplýsingagjöf til grunnskólakennara, skólastjóra og launagreiðenda um allt er varðar kaup, kjör og réttindi kennara í grunnskólum

Fjármál félagsins

Fjármál Félags grunnskólakennara hafa iðulega verið til umræðu. Þegar í upphafi var ljóst að það fjármagn sem félaginu var úthlutað var skorið við nögl og dygði engan veginn til að fjármagna þá þjónustu og þau verkefni sem félagið vildi standa fyrir. Með aðhaldi og sparnaði hefur þó tekist að halda sjó en ljóst að við þetta ástand verður varla unað lengur. Þó Vinnudeilusjóður hafi borgaði stóran hluta kostnaðar vegna kjarasamninganna féll mikill kostnaður á félagið, einkum vegna auglýsinga og kynninga þannig að mikill halli varð á rekstri félagsins árið 2004. Stjórn FG leggur mikla áherslu á að fylgja eftir samþykkt stofnþings KÍ um að gæta skuli aðhalds og sparnaðar í öllum rekstri og stefna að því að lækka félagsgjöld. Þrátt fyrir það sá stjórnin sig tilknúna að sækja um aukaframlag frá KÍ til að mæta hallarekstri félagsins á árinu 2004.

Fjárveitingar til svæðafélaganna eru um þriðjungur af rekstrartekjum FG. Mótaðar voru reglur um skiptingu félagsgjalda á milli svæðafélaga sem taka tillit til séraðstæðna hvers félags. Þessar reglur þarf að endurskoða reglulega þannig að hvert svæðafélag fyrir sig hafi svigrúm til að standa undir þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er miðað við tilgang sinn og hlutverk.

Að öðru leyti vísast í reikninga félagsins og fjárhagsáætlun fyrir næsta kjörtímabil.

Ársfundir

Þau ár, sem ekki er haldinn aðalfundur skal stjórn félagsins boða til ársfundar þar sem m.a. er fjallað um starfsemi félagsins og starfsáætlun auk þess sem reikningar þess eru lagðir fram. Rétt til setu á ársfundi hafa stjórn og varastjórn, formenn svæðafélaga, skólamálanefnd, samninganefnd og formenn annarra fastanefnda. Stjórn félagsins hefur umboð til að kalla til fleiri fulltrúa ef þurfa þykir.

3. ársfundur Félags grunnskólakennara var haldinn 9.-10. mars 2003 að Hótel Geysi í Haukadal og 4. ársfundurinn var haldinn 14.-15. mars 2004 á Hótel Keflavík. Ekki verður nánar fjallað um ársfundina í skýrslu þessari en vísað til fundargerða þeirra sem fylgja í viðauka.

Svæðafélögin og samráðsfundir

Svæðafélögin gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í jafnfjölmennu félagi og Félag grunnskólakennara er. Þau eiga m.a., skv. lögum félagsins og í samráði við stjórn FG, að halda trúnaðarmannanámskeið, félagsfundi og haustþing og annast kjör fulltrúa á aðalfund FG og þing KÍ. Svæðafélögin eiga ennfremur að vera tengiliður smærri eininga sem starfa vilja í sérstökum félögum innan svæðisins, t.d. m.t.t.

launagreiðanda. Þá má segja að stjórnir svæðafélaga myndi nokkurs konar bakhóp eða stuðningshóp við stjórn FG.

Stjórn FG skal boða til samráðsfundar með formönnum svæðafélaga a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundur er stjórn til ráðuneytis um stjórnun félagsins, m.a. við undirbúning aðalfundar og ársfunda. Haldnir hafa verið tuttugu og fjórir samráðsfundir frá stofnun félagsins, þar af 17 á því kjörtímabili sem nú er að ljúka:

8. samráðsfundur 26.-27. apríl 2002. Til umfjöllunar var m.a. Trúnaðarmannanámskeið, starfsáætlun FG, skólaheimsóknir og reglur um skiptingu félagsgjalda til svæðafélaga.
9. samráðsfundur 8.- 9. nóvember 2002. Rætt var um haustþing, skýrslu RKHÍ um úttekt á kjarasamningi, lögverndunarlögin, heimasíðu KÍ/FG, málefni Orlofssjóðs o.fl. Gestir fundarins voru Hilmar Ingólfsson og Valgeir Gestsson yngri.
10. samráðsfundur 1. mars 2003 og var meginviðfangsefni hans undirbúningur könnunar meðal félagsmanna vegna komandi kjarasamninga, skólaheimsóknir, ársfundur 2003 og námskeið og fundir með trúnaðarmönnum.
11. samráðsfundur 26. apríl 2003. Á fundinum var m.a. farið yfir fjármál FG og ársreikninga, undirbúning könnunar, starfsmannasamtöl og niðurstöður hópavinnu á ársfundi. Gestir fundarins voru m.a Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Gísli Baldvinsson.
12. samráðsfundur 5.- 6. október 2003. Á dagskrá fundarins var m.a. undirbúningur kjarasamninga, endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, kynning kröfugerðar, skólaheimsóknir, starfsemi svæðafélaganna og kynning á störfum þemanefndar KÍ.
13. samráðsfundur 4. desember 2003. Fundarefnið var fyrst og fremst undirbúningur kröfugerðar vegna komandi samninga og kynningarfundir á svæðunum.
14. samráðsfundur 31. janúar 2004. Til umfjöllunar var staðan í kjaramálunum, ársfundur 2004 og fréttir af svæðunum.
15. samráðsfundur 26. apríl 2004. Samninganefnd FG sat einnig fundinn. Umfjöllunarefnið var aðeins eitt, þ.e. kjaramálin og staðan í samningaviðræðunum. Samþykkt að ganga til atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls 20. september hafi ekki samist fyrir þann tíma.
16. samráðsfundur 8. júní 2004. Samninganefnd FG sat einnig fundinn. Til umfjöllunar var atkvæðagreiðslan um verkfall, starfsemi svæðafélaga ef til verkfalls kæmi og möguleg umfjöllunarefni í fylgiriti með Morgunblaðinu.
17. samráðsfundur 20. ágúst 2004. Á dagskrá fundarins var staðan í samningamálunum, haustþing og námskeið, greinaskrif og aðalfundur FG.
18. samráðsfundur 8. september 2004. Fjallað var um undirbúning funda með trúnaðarmönnum vegna mögulegs verkfalls og stöðuna í samningaferlinu.
19. samráðsfundur 18. september 2004. Staða samningamálanna var til umfjöllunar og farið yfir hugmynd að tilboði sem lagt yrði fram áður en verkfall hæfist. Einnig hugmyndir um skammtímasamning. Samninganefnd FG og varamenn sátu einnig fundinn.
20. samráðsfundur 25. október 2004. Sagt frá fundi með ráðherrum og drög að innanhússtillögu sáttasemjara kynnt. Fjallað um framkvæmd verkfalls o. fl. Samninganefnd FG og varamenn sátu fundinn.

21. samráðsfundur 29. október 2004. Farið yfir miðlunartillögu ríkissáttasemjara sem lögð var fram þá um morguninn og ákvörðun um frestun verkfalls meðan atkvæðagreiðsla færi fram. Samninganefnd og varamenn sátu einnig fundinn.
22. samráðsfundur 14. nóvember 2004. Lagasetning vegna kennaraverkfallsins og hugsanleg viðbrögð við þeim voru til umfjöllunar ásamt aðalfundi FG og þingi KÍ. Sem fyrr sátu fundinn samninganefnd FG og varamenn. Sérstakur gestur var Elna Katrín Jónsdóttir.
23. samráðsfundur 17. nóvember 2004. Farið yfir drög að samningi sem í öllum aðalatriðum byggði á miðlunartillögu sáttasemjara. Samþykkt að leggja þessi drög fyrir fulltrúa LN og ganga til samninga á þeim nótum frekar en hætta á úrskurð gerðardóms. Samninganefnd og varamenn sátu þennan fund sem og marga fyrri fundi.
24. samráðsfundur 14. janúar 2005. Viðfangsefni fundarins var undirbúningur aðalfundar FG. Farið yfir ýmis hagnýt atriði, fulltrúalista dreift og ýmsum fleiri gögnum sem verða til umfjöllunar á aðalfundinu.

Eins og sjá má hafa mörg málefni komið til kasta samráðsfundanna þó kjaramálin hafi eðli málsins samkvæmt verið fyrirferðarmikil á síðasta ári. Þá hafa formenn svæðafélaganna verið stjórn og samninganefnd traustur bakhjarl og komið að öllum þeim veigamiklu ákvörðunum sem teknar voru í samningaferlinu. Það er ákaflega gott að leita til formannanna og vill stjórn FG nota tækifærið og þakka þeim samstarfið.

Skoðanakönnun

Í kjarastefnu Félags grunnskólakennara sem samþykkt var á síðasta aðalfundi stendur m.a:

„Undirbúningur fyrir kjarasamning 2004

Félag grunnskólakennara telur mikilvægt að undirbúningur fyrir næsta kjarasamning hefjist snemma og nýr taki gildi um leið og sá eldri rennur út. Mikilvægt er að fylgjast vel með framkvæmd kjarasamningsins til að kröfugerðin taki mið af henni. Einnig þarf að leita eftir sjónarmiðum félagsmanna með kerfisbundnum hætti til að kröfugerð fyrir næstu kjarasamninga endurspegli vilja þeirra.“

Í samræmi við ofangreinda samþykkt var ákveðið að efna til viðhorfskönnunar meðal félagsmanna með tilliti til þess að könnunin legði línur fyrir kröfugerð vegna kjarasamninga árið 2004. Til að lágmarka þann kostnað sem svona kannanir hafa í för með sér var ákveðið að ganga til samstarfs við Glerverk á Akureyri og framkvæma könnunina með rafrænum hætti. Vegna tæknilegra örðugleika komu fram ákveðnir hnökrar í framkvæmdinni og höfðu m.a. áhrif á þátttöku. Einnig vöknudu spurningar um áreiðanleika könnunarinnar, þannig að ákveðið var að endurtaka hana sem úrtakskönnun með hefðbundnum hætti. Niðurstöður beggja kannananna voru samhljóma, þannig að óhætt þótti að leggja þær til grundvallar við kröfugerð.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru sendar trúnaðarmönnum og kynntar í Skólavörðunni og á heimasíðu KÍ/FG. Þær voru einnig kynntar á fundum með trúnaðarmönnum víða um land og í skólaheimsóknum. Auðvitað voru ekki allir á eitt sáttir við niðurstöðurnar en með þeim var lagður grunnur að þeirri kröfugerð og áherslum sem samninganefndin lagði upp með í samningaferlið.

Skólaheimsóknir

Stjórn FG hefur talið mjög mikilvægt að styrkja tengslin við félagsmenn og ákvað í upphafi að forystan heimsækti alla grunnskóla landsins á kjörtímabilinu. Tilgangur skólaheimsóknanna var og er að ræða þau málefni sem hæst ber á hverjum tíma: niðurstöður skoðanakönnunarinnar, megináherslur félagsins í kjaraviðræðunum og stöðuna eins og hún er á hverjum tíma. Það er margt sem brennur á kennurum og þeir liggja yfirleitt ekki á skoðunum sínum. Þeir brýna forystuna til dáða og það er engin deyfð og drungi yfir þessum skólaheimsóknum. Þær hafa verið forystunni ómetanlegar og víkkað sjóndeildarhring hennar til muna. Þó stefnan hafi verið sett á að heimsækja alla skóla á landinu á kjörtímabilinu hefur minna orðið úr en efni stóðu til en frá upphafi kjörtímabils og til dagsins í dag hafa formaður og/eða varaformaður náð að heimsækja rúmlega 110 skóla og suma oftast en einu sinni.

Samninganefnd

Samninganefnd FG skipa stjórn og fimm fulltrúar sem kjörnir eru á aðalfundi. Á aðalfundi 2002 voru eftirtaldir kjörnir í samninganefndina: Agla Ástbjörnsdóttir, Hilmar Björgvinsson, Jóna Benediktsdóttir, Sigmar Hjartarson og Unnur G. Kristjánsdóttir. Varamenn í samninganefnd voru kjörnir Sigrún Ágústsdóttir, Guðfinna Kristjánsdóttir, Ólafur Lárusson, Árni Jón Hannesson og Alfred Guðmundsson. Hilmar og Jóna hurfu fljótlega til annarra starfa og tóku Sigrún og Guðfinna sæti þeirra og Ólafur er Guðfinna sagði sig frá samninganefndinni vegna anna. Er þeim Hilmar, Jónu og Guðfinnu hér með þökkuð störf í þágu félagsins. Eftir breytingar er nefndin þannig skipuð:

Finnbogi Sigurðsson formaður
Sesselja G. Sigurðardóttir varaformaður
Unnur G. Kristjánsdóttir ritari
Agla Ástbjörnsdóttir
Björk Helle Lassen
Fjóla Höskuldsdóttir
Ólafur Lárusson
Sigmar Hjartarson
Sigrún Ágústsdóttir
Þórður Á. Hjaltested

Samninganefnd skipaði úr sínum hópi sérstaka viðræðunefnd sem í átta sæti Finnbogi Sigurðsson, Sesselja G. Sigurðardóttir, Agla Ástbjörnsdóttir, Sigmar Hjartarson, og Ólafur Lárusson. Eiríkur Jónsson formaður KÍ starfaði náið með samninganefndinni og margir varamannanna líka.

Á kjörtímabilinu 2002-2005 hafa verið haldnir 62 bókaðir fundir í samninganefndinni en þar að auki voru nokkrir fundir án fundargerða og einnig var unnið í smærri hópum.

Fulltrúar í samninganefndinni hafa allir verið mjög virkir og sendu gjarnan athugasemdir og hugleiðingar sínar á milli funda. Nefndin lagði áherslu á að allir

hefðu þar ákveðið hlutverk og tilgang, að andrúmsloftið á samningafundunum væri ekki þrúgandi og að ákveðnar leikreglur við samningaborðið væru virtar.

Óhætt er að segja að þetta tímabil hafi verið annasamt enda var á því gerður nýr kjarasamningur fyrir grunnskóla eftir harðvítugar deilur og langt verkfall sem lauk með lagasetningu en í kjölfar lagasetningarinnar sá samninganefndin sig knúna til að skrifa undir „þvingaðan“ samning sem byggði á miðlunartillögu sáttasemjara sem skömmu áður hafði verið kolfelld í atkvæðagreiðslu. Að undirrita kjarasamning undir þessum formerkjum var eitthvað sem enginn samninganefndarmaður gerði með glöðu geði en mat samninganefndar var að það væri skylda hennar að gefa kennurum kost á að samþykka kjarasamning á þessum nótum eða fella og undirgangast með því gerðardóm. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar kom engum á óvart því ljóst var að mjótt yrði á munum en henni lauk þannig:

Á kjörskrá voru	4.912		
Atkvæði greiddu	4.515	eða	91,9%
„Já“ sögðu	2.313	eða	51,2%
„Nei“ sögðu	1.643	eða	36,4%
Auðir seðlar og ógildir	559	eða	12,4%

Þar sem þetta samningaferli og verkfallið verður vafalaust lengi í minnum haft og oft til þess vitnað er ekki úr vegi að setja hér á blað stutta úttekt á ferlinu eða atburðarás:

Janúar:	Gengið frá viðræðuáætlun 15. janúar þar sem gert er ráð fyrir að nýr kjarasamningur verði undirritaður fyrir 1. apríl.
Febrúar:	Í byrjun febrúar hefjast formlegar viðræður undir stjórn ríkissáttasemjara þar sem báðir aðilar leggja fram markmiðslýsingar vegna kjarasamningsgerðar og kynna meginkröfur sínar.
Mars	Viðræður halda áfram. 29. mars kemur í ljós að breytingar hafa verið gerðar á 19 glærum á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Glærurnar voru notaðar af báðum samningsaðilum í kynningum á síðasta kjarasamningi vorið 2002 og voru kynntar sem sameiginlegur skilningur samningsaðila. Breytingarnar gengu í berhögg við þann sameiginlega skilning. Samningar renna út.
Apríl	Glærur teknar af heimasíðu SÍS og mistök viðurkennd eftir fund með formanni LN 2. apríl. Viðræður halda áfram.
Maí	LN leggur fram niðurstöður könnunar á vinnutímanum 5. maí ásamt tilboði með um 16,5% kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. FG leggur fram álit vegna könnunar LN og gagntilboð 7. maí með um 45% kostnaðarauka sem LN reiknar upp á rúm 50% og hafnar. LN með viðbrögð, nýtt tilboð, kostnaðaruki upp um 2%, verður 18,5% FG hafnar en lýsir yfir vilja til að loka samningi með 35% kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Hlé gert á viðræðum og FG ákveður að fara í atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls frá 20. september. Kynningafundur um stöðu viðræðnanna um allt land síðustu vikuna í maí
Júní	Atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls 2. og 3. júní. 3. júní játar LN rangfærslur sem hafðar voru upp í fjölmiðlum um samanburð á

vinnutíma kennara á Íslandi og í Danmörku. Fimm dagar líða þar til rangfærslurnar eru leiðréttar á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga

Úrslit atkvæðagreiðslu kunn 8. júní, 92% þátttaka, þar af segja 90% já við verkfalli

14. júní frestar ríkissáttasemjari viðræðum til 11. ágúst.

Ágúst

11. ágúst hefjast viðræður á ný að loknu sumarleyfi – aðilar koma sér saman um óformlegar viðræður í litlum hópi næstu vikurnar.

19. ágúst kemur bæjarstjórinn á Akureyri fram í fjölmiðlum með kostnaðarmat á kröfum FG sem sýnir að kostnaður Akureyrarbæjar eykst um 100% gangi LN að ítrustu kröfum FG. Þessu höfnum við og formaður samninganefndar LN kemur fram í fjölmiðlum og staðfestir að útreikningar bæjarstjórans samræmist ekki því sem er uppi á borðum samninganefndanna.

Skólaheimsóknir um mánaðarmót ágúst/september vegna margítrekaðra óska LN

LN vill lítið ræða um skólaheimsóknir og draga lýsingu fulltrúa okkar í efa en hún staðfestir það sem við höfum haldið fram um ofsetningu starfa í 9,14

September

6. september koma trúnaðarmenn þeirra skóla sem heimsóttir voru, á fund FG og skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að lýsing fulltrúa okkar er samhljóma þeirra upplifun af fundum með fulltrúum LN

Víkuna 13. -17. september eru haldnir kynningarfundir með trúnaðarmönnum um stöðuna í samningamálum og leikreglur í verkfalli

13. september kemur formaður samninganefndar LN fram með óformlegt innlegg í viðræður um lækkun kennsluskyldu um einn tíma, pott (tekinn af heildarlaunapottinum) vegna starfsheitaröðunar og möguleika á frekari lækkun kesk, skilgreiningu á 9,14 með tillit til þess að binda tvo tíma fast sem aukinn undirbúning, opnun á grein 1.3.3, séreignarsparnað og launahækkanir (þar með talin 2% vegna séreignarsparnaðar) innan rammans =15,24%

Minnisblöð FG með breyttum greinum lögð fram á fundi 16. september, sem LN tók við fyrir kurteisissakir. Að mati LN er erfitt að kostnaðarmeta kröfurnar

17. september er lögð fram endurskoðun á minnisblöðum - fallið frá hugmyndum um ný starfsheiti og 1.3.3 lagður í salt. Kostnaðarmat vegna 1.3.5 einfaldað fyrir útreikning í reiknimodeli. Kennlufirvinnustudull var lækkaður úr 1,2 klst. í 1,1 klst. Opnað á endurmenntun í stað funda í 2.1.6.2

18. september leggur LN fram kostnaðarmat sitt á kröfum frá 16. -17. september. Kostnaðarmatið hljóðar upp á 50 – 60%. Mikil áhersla lögð á að finna út hvað það kosti að viðhalda sömu gæðum í skólastarfi. Niðurstaða þeirra sú að greiða þurfi öllum kennurum 3,5 yfirvinnustundir á viku, sem jafngildir yfir 500 nýjum stöðugildum eða yfir 14% kostnaðarauka.

19. september leggur LN fram tilboð. Tilboðið er í megindráttum eins og það sem lagt var fram í maí. Í einhverjum liðum má sjá að komið er til móts við kröfur FG en allt of margt er óásættanlegt s.s. of langur samningstími, of lítil kennsluskyldulækkun og of langt þar til hún

kemur til framkvæmda, ekki er tekið tillit til krafna FG varðandi 9,14. Síðast en ekki síst eru launahækkunar allt of litlar. Tilboðið var metið á 16,5% til ársloka 2007 eða 18,2% til ágúst 2008.

Sem andsvar leggur FG fram tilboð um skammtímasamning þar sem farið er fram á tveggja tíma lækkun kennsluskyldu og 3,5% launahækkun strax og 3% um áramót ásamt nokkrum smærri atriðum. Metið til 16% hækkunar, gildistími út ágúst 2005. Samninganefnd LN metur þetta á 24% og hafnar þessu boði. Verkfall hefst 20. september. Viðræður halda áfram.

Október Ákveðið að gera 14 daga hlé á viðræðum eða þar til annar hvor aðilinn hefur eitthvað nýtt fram að færa. Forsætisráðherra boðar deiluaðila á fund og í framhaldi af honum ákveður Ríkissáttasemjari að leggja fram miðlunartillögu. Verkfalli frestað frá 28. október til 9. nóvember, meðan atkvæði voru greidd. Tillagan var talin hafa í för með sér ca 28% kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

Nóvember Tillagan var felld með 93% atkvæða. Verkfall hófst að nýju 9. nóvember.

Forsætisráðherra tilkynnir deiluaðilum þann 11. nóvember að lög kunni að verða sett á deiluna. Lagasetning ákveðin 12. nóvember og lög samþykkt 13. nóvember þar sem verkfalli er aflýst. Deiluaðilar fá tíma til 20. nóvember til að semja, ella eigi gerðardómur að ákveða launakjör.

Gerðardómur á að taka mið af kjörum annarra sambærilegra stétta en má þó ekki raska samningum á almennum markaði, en þar hefur verið samið um 15,24% til ársloka 2007.

Samninganefnd KÍ/FG og LN skrifa undir nýjan samning 17. nóvember.

Samningurinn fór í atkvæðagreiðslu frá 29. nóvember til 1. desember.

Desember Nýr kjarasamningur var samþykktur. Af þeim sem afstöðu tólu sögðu 58,5% já en 41,5% sögðu nei (Þátttaka 92%. Já sögðu 51,2%. Nei sögðu 36,4%. Auðir seðlar og ógildir 12,4%.)

Alls voru haldnir 75 bókaðir samningafundir undir stjórn Ríkissáttasemjara auk fjölmargra funda í minni hópum.

Innihald í nýjum samningi FG

Dagsetningar

1. október 2004
1. janúar 2005
1. janúar 2005
1. ágúst 2005
1. ágúst 2005
1. janúar 2006
1. janúar 2007
1. ágúst 2007
1. janúar 2008

Breytingar

5,5% launahækkun
3,0% launahækkun
2,0% framlag í séreignasjóð
3,3% kennsluskylda lækkar um 1 tíma
3,0% launabreytingar
2,5% launahækkun
2,25% launahækkun
3,3% kennsluskylda lækkar um 1 tíma
2,25% launahækkun

Að auki var gerð breyting á launatöflu sem hækkar yngri kennara sérstaklega, kjör eldri kennara tryggð betur en nú er gert þurfi þeir að vinna yfirvinnu og reglur vegna mats á viðbótarnámi verða rýmkaðar. Að teknu tilliti til þessa má gera ráð fyrir að

samningurinn hafi í för með sér um 33% kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Sá kostnaður skiptist í megindráttum svona:

Launahækkunir	ca. 20% að meðaltali
Lækkun kennsluskyldu	ca. 8% að meðaltali
Lífeyrissjóður ofl.	ca. 5% að meðaltali

Auk þess greiða sveitarfélögin kennurum eingreiðslu upp á 130.000 í nóvember 2004 og 75.000 í júlí 2005.

Þetta samningaferli einkenndist öðru fremur af gífurlegri samstöðu kennara og er samninganefndin ákaflega þakklát fyrir þann órjúfanlega stuðning sem hún fékk frá kennarahópnum úti á akrinum. Var það ómetanlegt veganesti að samningaborðinu. Í upphafi var ákveðið að láta Ríkissáttasemjara leiða viðræðurnar frá fyrstu stundu og var sú ákvörðun tekin með hliðsjón af því hvernig til tókst með túlkun og framkvæmd síðasta samnings. Upp komu ótal deilumál og voru sum þeirra rekin fyrir dómstólum þar sem sýn LN og FG á sum atriði samningsins frá 2001 var ekki sú sama. Öll málin unnust fyrir héraðsdómi og öll enduðu þau fyrir Hæstarétti sem staðfesti dóma Héraðsdóms í öllum málunum nema einu. Á milli samninganefnda FG og LN ríkti hvorki trúnaður né traust og hafði það óhjákvæmilega áhrif á gang viðræðnanna. Þó er alls ekki víst að betur hefði gengið þó andrúmsloftið hefði verið jákvæðara en við því fæst víst aldrei svar. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að láta gera úttekt á öllu samningaferlinu, fjölmiðlaumfjöllun, hvað tóks vel, hvað illa o.s.frv. til að draga einhvern lærdóma af og nýta í næstu samningalotu.

Samstarfsnefnd KÍ og LN

Samstarfsnefnd KÍ og LN skal skv. kjarasamningi fjalla um ágreining sem upp kann að koma út af honum. Finnbogi Sigurðsson og Hanna Hjartardóttir hafa verið fulltrúar KÍ og Birgir Björn Sigurjónsson og Kristinn Kristjánsson fulltrúar LN. Eiríkur Jónsson hefur jafnframt setið marga fundi samstarfsnefndar.

Fjöldmörg mál hafa komið til kasta nefndarinnar og náðust niðurstöður í flestum þeirra. Sum eru enn óútkljáð þó þeim hafi vissulega fækkað með nýjum kjarasamningi. Meðal mála sem niðurstöður fengust í var viðurkenning á að meta kennsluferil í tónlistarskólum og framhaldsskólum til jafns við kennsluferil í grunnskóla á öllu EES svæðinu. Staðfestur réttur til fæðispeninga ef sveitarfélag lætur ekki í té ákveðna þjónustu og aðstöðu. Viðurkenning á að 60 eininga framhaldsnám í sérkennslufræðum jafngildi MA- prófi. Staðfestar reglur um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum án skerðingar launa og um greiðslur til áheyrnarfulltrúa fyrir setu í skólanefndum. Fjöldmargar fyrirspurnir bárust vegna mats á framhaldsnámi og prófum og lauk þeim flestum með ásættanlegri niðurstöðu.

Kjarasamningar við einkaskóla

Óskað var eftir viðræðum við einkaskólana um gerð kjarasamnings sumarið 2001 en þangað til höfðu ekki verið gerðir formlegir kjarasamningar vegna félagsmanna KÍ sem starfa í einkaskólum. Undirritaðir voru kjarasamningar við Landakotsskóla og Skóla Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðaskóla og grunnskóla Hjallastefunnar. Gildistími þeirra var frá undirskriftardegi og fram til 31. mars 2004. Samkvæmt samningunum er

kaup og kjör grunnskólakennara og skólastjórnenda viðkomandi skóla í samræmi við gildandi kjarasamning Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga sem undirritaður var 9. janúar 2001 og framlengist á sömu forsendum uns nýr hefur verið gerður. Nýir kjarasamningar hafa ekki verið gerðir enn sem komið er við einkaskólana, utan grunnskóla Hjallastefnunnar en viðræður eru í gangi við rekstraraðila Ísaksskóla.

Skólamálanefnd

Á aðalfundi FG 2002 voru eftirtaldir kosnir í skólamálanefnd:

Ásdís Guðjónsdóttir, Brynja Áslaug Sigurðardóttir, Elín Vigdís Ólafsdóttir, Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, Sigurbjörg Ásdís Snjólfisdóttir og Sóley Sigurþórsdóttir. Varafulltrúar voru kjörin þau Lena M. Rist, Sigþrúður Harðardóttir, Kristín Pétursdóttir, Guðmundur Óli Sigurgeirsson og Þorbjörg Jóhannsdóttir. Formaður sem lögum samkvæmt er skipaður af stjórn er Kristín Jónsdóttir.

Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir og Sigurbjörg Ásdís Snjólfisdóttir hættu störfum í nefndinni snemma á kjörtímabilinu og Lena Rist hætti vorið 2004. Varamenn tóku sæti í staðinn þannig að í lok kjörtímabils voru einungis tveir eftir á varamannalistanum.

Skólamálanefnd: Kristín Jónsdóttir, formaður
Brynja Áslaug Sigurðardóttir
Elín Vigdís Ólafsdóttir
Kristín Pétursdóttir
Sigþrúður Harðardóttir
Sóley Sigurþórsdóttir

Skólamálanefnd hefur haldið tólf fundi á kjörtímabilinu og hafa formaður og varaformaður FG komið inn á flesta fundi með ýmsar upplýsingar frá félaginu. Einnig hafa fulltrúar úr þemanefnd KÍ verið gestir á fundum skólamálanefndar.

Á fundum skólamálanefndar hefur ýmislegt verið rætt, meðal annars málefni barna með AD/HD, langan vinnudag nemenda, kröfur um heimanám, samræmd próf í grunn- og framhaldsskólum, viðfangsefni skólamálaþings, netnotkun barna og unglinga, stærðfræðikennslu, skólastefnu KÍ, menntun kennara, fyrirhugaða styttingu á námstíma til stúdentsprófs og lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara.

Skólastefna KÍ sem samþykkt var á 2. þingi var gefin út og send til allra skóla og einnig var gefinn út bæklingur með siðareglum fyrir kennara og hann sendur til allra félagsmanna.

Skólamálanefndir aðildarféлага KÍ mynda skólamálaráð sambandsins sem lögum skv. fundar einu sinni á ári. Formenn nefndanna skipa framkvæmdastjórn skólamálaráðs og hefur hún haldið 22 fundi á kjörtímabilinu. Á fundum framkvæmdastjórnar er skipst á upplýsingum um starfsemi aðildarféлага KÍ og fjallað um sameiginleg hagsmunamál.

Skólamálanefnd sat ársfundi skólamálaráðs 4. apríl 2003 og 15. nóvember 2004. Yfirskrift fyrri ársfundarins var Fljótandi skil skólastiga- Tengsl skóla og atvinnulífs en á seinni ársfundinum var fjallað um skólastefnu KÍ og styttingu á námstíma til

stúdentsprófs. Í framhaldi af ársfundinum var skólastefnan endurskoðuð með það í huga að gera hana markvissari og læsilegri fyrir félagsmenn.

Skólamálanefnd hefur einnig mótað tillögur um kennaramenntun í samstarfi við fulltrúa FG í þemanefnd KÍ.

Formaður skólamálanefndar hefur undanfarin ár verið fulltrúi FG í nefnd sem undirbýr málþing um Rannsóknir- nýbreytni og þróun sem haldin eru árlega á vegum Rannsóknastofnunar KHÍ. Síðasta þing var haldið í skugga verkfalls grunnskólakennara og var þátttaka minni fyrir vikið.

Fulltrúar úr skólamálanefnd sátu málþing um samræmd próf við lok grunnskóla sem haldið var í nóvember 2003 og ráðstefnuna Bætt líðan-betri skóli sem haldin var á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 30. janúar 2004.

Fundir og námskeið með trúnaðarmönnum

Eitt af markmiðum stjórnar FG er að efla tengslin við trúnaðarmenn enda ítrekaði aðalfundurinn hlutverk þeirra við að koma af stað umræðu í skólunum og fá fram sjónarmið félagsmanna, m.a. með samþykkt verkefnalista trúnaðarmanna. Til að efla tengslin eru haldnir fundir og námskeið og send trúnaðarmannabréf. Trúnaðarmannanámskeið eru almennt haldin á haustin og hafa verið í umsjá Finnþoga Sigurðssonar. Þá voru einnig haldin sérstök námskeið fyrir trúnaðarmenn um einelti á vinnustað í umsjá Einars Gylfa Jónssonar og Þórkötlunna Aðalsteinsdóttur og á félagssvæðum KFR, KMSK og KR sérstök námskeið um starfsmannasamtöl í umsjá Gylfa Dalmann og þóttu takast hið besta. Á öðrum svæðum var fræðslan um starfsmannasamtölin fléttuð inn í efni trúnaðarmannanámskeiðanna. Bréf til trúnaðarmanna eru send reglulega. Það sem af er þessu skólaári hafa aðeins verið send 2 formleg trúnaðarmannabréf en að auki fá trúnaðarmenn reglulega fréttir í rafpósti. 118 tölvubréf voru þannig send til trúnaðarmanna á árinu 2004. Stefnt er að því að öll trúnaðarmannabréf verið send með rafpósti og er lang stærsti hluti trúnaðarmannanna virkur netnotandi. Þá fórum við fram á það haustið 2002 að sett yrðu upp sérstök netföng fyrir trúnaðarmenn í hverjum skóla fyrir sig þannig að netfang trúnaðarmanns héldist óbreytt þó mannaskipti yrðu í því starfi. Hægt hefur gengið en þó eru rúmlega 100 skólar komnir með trúnaðarmannanetfang. Trúnaðarmannastarfið er orðið mun umfangsmeira en áður var og því teljum við nauðsynlegt að umbuna þeim með einhverjum hætti. Þá umbun viljum við helst sækja til sveitarfélaganna í gegnum kjarasamning því FG hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að umbuna rúmlega 200 trúnaðarmönnum, t.d. með föstum greiðslum. Stjórn FG gerði þó samkomulag við stjórn Orlofssjóðs haustið 2002 um að trúnaðarmenn fengju sendar orlofsávísanir og hefur þetta samkomulag verið endurnýjað síðan. Upphæð þessara ávísana er í dag samtals 12.000 kr. sem nota má til að greiða fyrir öll tilboð á vegum Orlofssjóðs. Fyrir þetta greiddi FG kr. 1.800.000 á síðasta ári.

Haustþing svæðafélaganna

Haustþing eru viðamestu verkefni svæðafélaganna og jafnframt þau dýrustu. Flest haustþinganna voru þó með óhefðbundnu sniði sl. haust enda sum hver haldin í skugga kjaradeilu. Forysta FG telur mikilvægt að fara á öll haustþingin og hefur það

að mestu lánast hingað til. Haustþingin eru almennt öll vel sótt en eru hvert með sínu sniði og engin tvö eru eins. Öll eiga þau það þó sameiginlegt að vera metnaðarfull og vel undirbúin og góður andi ríkir meðal kennara.

Uppstillingarnefnd

Á aðalfundi Félags grunnskólakennara 2002 voru kosin í uppstillingarnefnd þær Irena Guðrún Kojic, Rósa Ingvarsdóttir og Valborg Baldvinsdóttir. Varamenn eru Bergþóra Þorsteinsdóttir, Frímenn Ólafsson og Auður Guðmundsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram tillögur til kjörs fulltrúa sem kosnir eru á aðalfundi. Nefndin starfar eftir reglum sem stjórn FG setur skv. lögum félagsins. Uppstillingarnefnd hefur skipt með sér störfum og er Valborg formaður.

Kynningar- og áróðursstarf

Stjórn FG ákvað í upphafi kjörtímabilsins að leggja áherslu á kynningarstarf og hefur nokkuð verið unnið í þeim efnum þó ekki hafi verið starfandi formleg kynningarnefnd í því skyni. Í þessu sambandi má nefna barmmerki sem dreift var til allra félagsmanna, reglustikur með merki félagsins og slagorðinu „Þú býrð ævilangt að góðum kennara“ sem dreift hefur verið til allra 6 ára nemenda sl. tvö ár, skjáauglýsingar haust, vor og um jól, kynningarritið Skólalíf sem dreift var með Morgunblaðinu sl. haust, kort sem sent er öllum útskriftarnemum úr kennaranámi, vel heppnaða auglýsingaherferð í verkfallinu og nú síðast hálsbönd sem dreift var meðal allra félagsmanna.

Öll svona starfsemi kostar peninga og þó allir geti verið sammála um að betur mætti gera í þessum efnum, verður hver að sníða sér stakk eftir vexti. Sem dæmi um kostnað má nefna að auglýsingakostnaður vegna verkfallsins kostaði félagið um 6,5 milljónir kr. og skýrir stóran hluta rekstrarhalla ársins 2004.

Samráðsnefnd menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra

Samráðsnefnd um grunnskóla var skipuð eftir flutning alls reksturs grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga og hefur starfað óslitið síðan. Nefndinni er, skv. skipunarbréfi, ætlað að vera umræðu- og samráðsvettvangur Sambands íslenskra sveitarfélaga, samtaka skólastjóra og kennara og menntamálaráðuneytis um málefni grunnskólans. Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár í senn. Finnboði Sigurðsson og Sigfús Grétarsson voru fulltrúar KÍ síðasta kjörtímabil.

Meðal þeirra mála sem nefndin hefur tekið fyrir eru t.d.:

Einelti í skólum: Eftirlit með Olweusarverkefninu og mat á árangri sem leiddi til þess að framkvæmdaátlun verkefnisins var framlengd um 2 ár og þátttökuskólum fjölgað.

Lögverndunarlögin: Lögin hafa verið rædd og viðraðar skoðanir aðila til hugsanlegra breytinga.

Meðferð persónuupplýsinga: Málin rædd frá ýmsum sjónarhornum og samin drög að reglum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Úrskurðir og skýrslur: Nefndin er vettvangur umræðna um úrskurði og kynningu á svörum ráðuneytisins við fyrirspurnum. Einnig um skýrslur hinna ýmsu aðila.

Lög um grunnskóla: Lögin hafa verið rædd og menn skipst á skoðunum. Endurskoðun laganna er fyrirjábanleg þó sú vinna sé ekki hafin.

Samræmd próf: Rætt um fyrirkomulag, tilgang og tímasetningu samræmdra prófa.

Stytting námstíma til stúdentsprófs: Skipaður vinnuhópur til undirbúnings og málið rætt fram og til baka og margvísleg sjónarmið komið fram. Skýrsla starfshópsins kynnt og ýmis önnur umfjöllun um þetta viðamikla mál, m.a. áhrif inni í grunnskólanum.

Brú milli skólastiga: Fjallað um tengslin milli skólastiga, bæði samþættingu í námi í leikskóla og grunnskóla og grunnskóla og framhaldsskóla.

Norrænt samstarf

Norrænu kennarafélögin, NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd), hafa um árabíl átt með sér mikið samstarf. Á fundum samtakanna skiptast fulltrúar landanna á skoðunum um málefni kennara og skólastjóra á Norðurlöndunum. Þrjár deildir, leikskóla- grunnskóla- og framhaldsskóladeild eru starfandi innan NLS og sitja fulltrúar FG, FF og FL í stjórnnum deildanna. Hver deild heldur samráðsfundi, sektorsfundi, tvisvar á ári og hafa Finnboði Sigurðsson og Björk Helle Lassen setið fundi í grunnskólasektorinum. Fundir grunnskóladeildarinnar eru í maí og nóvember. Á fundum sl. ára hafa ýmis mál borið á góma sem einkum hafa beinst að vinnuumhverfi, kjaramálum og fagmennsku kennara, tengslum leik- og grunnskóla, kennaramenntuninni og niðurstöðum kannana s.s. PISA.

Lokaorð

Þau ár sem liðin eru frá stofnun Félags grunnskólakennara hafa verið viðburðarrík. Félagið tók til starfa 1. janúar 2000 með það að markmiði að efla tengslin við félagsmenn. Kennarar í rúmlega 200 skólum hafa verið heimsóttir og sumir oft en einu sinni.

Ákveðið var að leggja áherslu á að gefa jákvæða mynd af kennurum og félagi þeirra. Markmiðið hefur verið að í stað þess að kennarar séu með minnimáttarkennd og sífellt að afsaka sig geti þeir borið höfuðið hátt og verið stoltir af starfinu sínu. Fullyrða má að ímynd grunnskólakennara í hugum almennings er mun jákvæðari nú en fyrir nokkrum árum. Við getum líka verið stolt af því góða starfi sem unnið er í skólunum og þyrftum að vera duglegri við að koma því á framfæri.

En starfinu er langt í frá lokið. Laun kennara þurfa að hækka verulega og tryggja verður kennurum viðunandi vinnuskilyrði með þeim undirbúningstíma sem þeir þurfa. Þá þurfum við líka að skoða innviði Kennarasambandsins og félaganna. Hvað hefur tekist vel í því skipulagi sem samþykkt var í nóvember 1999, hvað þarfnast lagfæringar og hvað hefur í ljósi reynslunnar ekki þótt takast sem skyldi? Kennarasambandið í dag er ekki eins og það Kennarasamband sem mörg okkar þekktu. Það er ekki fullmótað því enn lifa menn dálítið í fortíðinni, þ.e. umhverfi félaganna sem sameinuðust við stofnun sambandsins. Við þurfum að skilgreina nánar hvert er hlutverk Kennarasambandsins annars vegar og félaganna hins vegar. Þá þurfum við í FG sérstaklega að styrkja okkar ímynd því svo virðist að í hugum flestra séum við KÍ. Einnig er nauðsynlegt að styrkja tengslin á milli félaganna. Nauðsynlegt

er að staða og hlutverk aðildarfélaganna gagnvart KÍ sé skilgreint og sömuleiðis staða sambandsins gagnvart félögunum.

Á aðalfundinum verða þessi mál og fleiri til umfjöllunar. Ný skólastefna og kjarastefna fyrir grunnskólann er í smíðum og stefnumörkun fyrir næsta kjörtímabil. Það er ljóst að blikur eru á lofti í starfsemi Kennarasambandsins sem heildar. Inngrip ríkisstjórnar í kjaradeilu grunnskólans er grafalvarlegt mál og getur átt eftir að hafa víðtæk áhrif. Hér er ekki einungis verið að tala um samninga grunnskólans heldur einnig alla aðra kjarasamningagerð í landinu. Það er í raun með ólíkindum að samtök launafólks skuli gera kjarasamninga sem hafa það að meginmarkmiði að halda niðri launaþróun í landinu eins og virðist vera orðin regla á hinum almenna vinnumarkaði.

Þessi skýrsla ber með sér að starfsemi Félags grunnskólakennara hefur verið margþætt það sem af er kjörtímabilinu, þó undirbúningur kjarasamninga og viðræður við viðsemjendur hafa eðli málsins samkvæmt tekið mestan tíma. Það er þörf fyrir sterk samtök kennara og námsráðgjafa í skólum landsins. Félag grunnskólakennara er sterkt félag með miklar væntingar. Þó við siglum í mótbyr af og gefi á bátinn, megum við ekki tapa trúnni heldur berjast áfram því barátta stéttarfélaganna endar aldrei.

Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem starfað hafa fyrir Félag grunnskólakennara undanfarin ár fyrir mikið og óeigingjarnt starf. Framundan eru erfiðir en jafnframt spennandi tímar.

Við væntum frjórrar og málefnalegrar umræðu á þessum aðalfundi með það að markmiði að efla félagið enn frekar.

VIÐAUKI 1

Stjórn, ráð og nefndir á vegum FG

Stjórn:

Formaður:	Finnbogi Sigurðsson	KFR
Varaform:	Sesselja G. Sigurðardóttir	KR
Gjaldkeri:	Björk Helle Lassen	KSA
Ritari:	Fjóla Höskuldsdóttir	KMSK
Meðstj:	Þórður Á. Hjaltsted	KMSK
Fulltrúi SKHÍ:	Óskar Haukur Nielsson	
Varam:	1 Ásta Ólafsdóttir	KFR
	2 Katrín Þ. Andrésdóttir	KS
	3 Elín Yngvadóttir	KR
	4 Svava Pétursdóttir	KR
	5	
SKHÍ:	Sigurður Grétar Ólafsson	

Samninganefnd:

Ritari:	Unnur G. Kristjánsdóttir	KR
	Agla Ástbjörnsdóttir	KFR
	Ólafur Lárusson	KV
	Sigmar Hjartarson	KFR
	Sigrún Ágústsdóttir	KFR
Varam:	1 Árni Jón Hannesson	KMSK
	2 Alfreð Guðmundsson	KSNV
	3	
	4	
	5	

Stjórn KÍ:

	Sesselja G. Sigurðardóttir	KR
	Þorbjörg Jóhannsdóttir	BKNE
Varam:	1 Sigurður Halldór Jesson	KFR
	2 Ásta Ólafsdóttir	KFR

Skólamálanefnd:

Formaður:	Kristín Jónsdóttir	KFR	tilnefnd af stjórn
	Ásdís Guðjónsdóttir	KMSK	
	Brynja Áslaug Sigurðardóttir	KMSK	
	Elín Vigdís Ólafsdóttir	KFR	
	Kristín Pétursdóttir	KMSK	
	Sigþrúður Harðardóttir	KS	
	Sóley Sigþórsdóttir	KFV	
Varam:	1 Guðmundur Óli Sigurgeirss.	KS	
	2 Þorbjörg Jóhannsdóttir	BKNE	
	3		
	4		
	5		

Uppstillingarnefnd:

Formaður:	Valborg E. Baldvinsdóttir	KMSK
	Irena Guðrún Kojic	KFR
	Rósa Ingvarsdóttir	KFR
Varam:	Bergþóra Þorsteinsdóttir	KFR
	Frímann Ólafsson	KR
	Auður Guðmundsdóttir	KFR

Skoðunarmenn reikninga:

	Ásdís Óskarsdóttir	KMSK
	Kristinn Jónsson	KFR
Varam:	Pétur Guðráð Pétursson	KFV

VIÐAUKI 2

Félagsmenn FG í stjórnnum, ráðum og nefndum KÍ

Stjórn:

Formaður: Eiríkur Jónsson

Kjörstjórn:

Sigurður Lyngdal
Þórhallur Runólfsson

Varamaður:

Uppstillingarnefnd:

Ásdís Óskarsdóttir
Katrín Kristinsdóttir

Stjórn Orlofssjóðs:

Helgi Már Eggertsson
Ingunn Sigurðardóttir
Valgeir Gestsson
Varamenn: Dagbjört Hjaltadóttir
Linda Traustadóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs:

Brynja D. Matthíasdóttir
Guðni S. Óskarsson
Varamenn: Kristín Kolbeinsdóttir
Sturla Þorsteinsson

Stjórn Endurmenntunarsjóðs:

Edda Pétursdóttir
Þórdís Kristjánsdóttir
Varamaður: Tryggvi Heimisson

Stjórn Sjúkrasjóðs:

Formaður: Svava Pétursdóttir
Varamenn: Árdís Jónsdóttir
Margrét Guðbrandsdóttir
Kristín Jónsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Ásta Benediktsdóttir
Varamaður:

Ritstjórn Skólavörðunnar:

Anna Björg Sveinsdóttir
Varamaður: María Pálmadóttir

VIÐAUKI 3

Fulltrúar FG í samstarfsnefndum og ráðum (ekki tæmandi listi)

Samstarfsnefnd v/kjarasamninga:	Finnbogi Sigurðsson vara: Agla Ásbjörnsdóttir
Samráðsnefnd m/mrn, Samb.ísl.sveit. og samtaka kennara og skólastj.:	Finnbogi Sigurðsson vara: Sesselja G. Sigurðardóttir
Stjórn Námsgagnastofnunar:	Kristín Jónsdóttir, Sesselja G. Sigurðardóttir vara: Sigríður Tryggvadóttir Fjóla Höskuldsdóttir
Undanþágunefnd:	Valgerður Eiríksdóttir vara: Rósa Ingvarsdóttir
Leyfisbréfanefnd (Námsmatsnefnd):	Ingibjörg S. Helgadóttir vara: Þórunn Jónasdóttir
Þróunarsjóður grunnskóla:	Guðrún Snorradóttir vara: Einar Jónsson
Námsleyfasjóður sveitarfélaga:	Edda Pétursdóttir
Stjórn Endurmenntunarsjóðs:	Finnbogi Sigurðsson vara: Sesselja G. Sigurðardóttir
Stjórn Yrkju:	Fjóla Höskuldsdóttir
Ráðgjafanefnd Símenntunarstofnunar KHÍ:	Finnbogi Sigurðsson
Nefnd um styttingu náms til stúdentsprófs:	Kristín Jónsdóttir
Nefnd um réttindi og skyldur:	Finnbogi Sigurðsson
Jafnréttisnefnd:	Alda Áskelsdóttir Einar Jónsson
Nefnd um þema þingsins - Aðlaðandi ævistarf:	María Pálmadóttir Sesselja G. Sigurðardóttir
Nefnd um kennsluminjasafn:	Gígja Árnadóttir Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir Sigprúður Harðardóttir

Viðauki 4

Fundargerð:

3. ársfundur Félags grunnskólakennara haldinn 9. og 10. mars 2003 að Hótel Geysi í Haukadál

Mættir: Finnbogi Sigurðsson, Sesselja G. Sigurðardóttir, Alfreð Guðmundsson, Árni Jón Hannesson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Guðjónsdóttir, Elín Yngvadóttir, Fjóla Höskuldsdóttir, Guðrún Snorradóttir, Ásdís Óskarsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Björk Helle Lassen, Brynja Áslaug Sigurðardóttir, Helgi E. Helgason, Ingibjörg Þorleifsdóttir, Kristján Ketill Stefánsson, Kristín Jónsdóttir, Kristín Kolbeinsdóttir, Lena M. Rist, Magnea Einarsdóttir, María Pálmadóttir, Óskar Haukur Níelsson, Ólafur Lárusson, Sigrún Ágústsdóttir, Sigurður Halldór Jesson, Sigurður Jónsson, Sóley Sigurþórsdóttir, Svava Bogadóttir, Svava Pétursdóttir, Valborg E. Baldvinsdóttir, Þórður Á Hjaltested og Þorbjörg Jóhannsdóttir.

Fundur hófst kl. 13:30.

Finnbogi Sigurðsson setti fundinn og skipaði Þorbjörgu Jóhannsdóttur fundarstjóra og Valborgu E. Baldvinsdóttur ritara.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla Félags grunnskólakennara

Finnbogi fór yfir ársskýrslu stjórnar FG. Hann sagði m.a. að FG hefði ekki til þessa fullnýtt þau 2,5 stöðugildi sem heimild er fyrir en með haustinu yrði það gert en þá kemur varaformaðurinn í fullt starf. Hann þakkaði formönnum svæðafélaga gott samstarf og sagði frá skólaheimsóknum vítt og breytt um landið. Þá sagði hann frá breytingum sem orðið hafa á samninganefnd en tveir kjörnir fulltrúar hafa hætt og varamenn komið inn í staðinn. Stjórn og samninganefnd hafa undirbúið könnun sem lögð verður fyrir alla félagsmenn sem liður í undirbúningi fyrir næstu kjarasamninga. Hann sagði frá samstarfi við trúnaðarmenn, fundum og námskeiðum. Nú hafa trúnaðarmenn fengið orlofsávísanir sem umbun fyrir sín störf. Formaður og varaformaður heimsóttu haustþing svæðafélaganna. Hann sagði að ímynd kennara væri orðin jákvæðari meðal almennings. Margt væri betra en enn væru nóg verkefni fyrir stafni.

Kristín Jónsdóttir fór yfir starf skólamálanefndar. Hún fór yfir verkefnalistann, m.a. fyrirkomulag endurmenntunar „réttur hinna“ o. fl. Hugmynd hefur komið fram um að halda ráðstefnu um vinnuvernd kennara. Næsta verkefni nefndarinnar er að undirbúa skólamálaþing.

Fundarmenn kynntu sig.

2. Reikningar

Björk Helle Lassen, gjaldkeri FG lagði fram drög að ársreikningi 2002 til umræðu. Spurt var hvað væru „ýmsar nefndir?“ Þar undir eru aðallega samráðsfundir, allur kostnaður sem til féll vegna þeirra.

Hvað fellur undir rekstur skrifstofu? Svar: Ýmis kostnaður sem fellur á FG, s.s. vegna GSM- síma, pappírs, prentunar og burðargjalda.

Spurt var um hvaða styrki væri verið að tala um. Svar: Hér væri um að ræða styrk vegna Olweusarverkefnisins gegn einelti og ýmsa aðra tilfallandi styrki.

Svolítið var rætt um drög að fjárhagsáætlun FG. Hún er alls ekki ábyggileg, flestar upplýsingar ófullkomnar. Eftir að vinna endanlega áætlun þegar ársreikningar FG og KÍ liggja fyrir í endanlegri mynd. Það er þó ljóst að tap verður á árinu 2002.

3. Upplýsingar frá samninganefnd

Finnbogi kynnti niðurstöðu úttektar RKHÍ á framkvæmd kjarasamnings sem framkvæmd var sl. vor og kynnti fyrirhugaða könnun sem gerð verður á netinu.

4. Stúdentaráð KHÍ og kennaramenntunin

Stúdentaráð KHÍ og kennaramenntunin var kynnt af Óskari Hauki Níelssyni og Kristjáni Katli Stefánssyni. Í stúdentaráði eru allar námsbrautir KHÍ. Ráðið rekur bóksölu, vef, styrktarsjóð og er í samstarfi við „Listen“ félag kennaranema á Norðurlöndum og BÍSN, Bandalag íslenskra sérskóla. Stúdentaráð vill að tekið verði á tryggingarmálum nema. Nemar geta ekki farið beint úr grunnnámi í framhaldsnám, heldur verða þeir að vera búnir að kenna í tvö ár áður en þeir fá inngöngu í framhaldsnám. Þó er hægt að fara í framhaldsnám strax, samhliða kennslu. Nauðsynlegt er að hafa nám fyrir viðtökukennara því óþolandi er að viðtökukennari líti t.d. á það sem frí að fá nema. Spurt var hvort nemar fengju kennslu í því að bregðast við mismunandi nemendum, t.d. í stórum bekkjum. Kristján sagði að námið á fyrsta ári væri eins hjá öllum en síðan kæmu valfögin. Núna útskrifast nemar með eitt kjörsvið en allir taka í fyrstu það sama í íslensku og stærðfræði. Spurt var um samstarf á milli kennaradeildar á Akureyri og KHÍ. Samstarf er ekki neitt en vilji fyrir hendi að koma því á.

5. Innra starf og félagsmál

Finnbogi Sigurðsson sagði frá námskeiði í Svíþjóð á vegum NLS þar sem félagsþróun var tekin fyrir. Hann útskýrði hvernig félagsstarfsemin þarf að vera í stanslausri þróun – hringrás. Síðan var hópnum skipt í vinnuhópa eftir „kaffihúsafyrirkomulagi.“ Til umræðu var:

- Hvar stöndum við?
- Hvert stefnum við?
- Hvert viljum við stefna?
- Hvað er jákvætt?
- Hvað er neikvætt?

Klukkan 18:00 var fundi frestaði til kl. 9:00 daginn eftir

Fundi fram haldið 10. mars kl. 9:00

Hópstjórar frá umræðuhópum gærdagsins gerðu grein fyrir vinnunni sem fram fór.

Hópur 1 telur að stéttarfélagið standi frammi fyrir miklum breytingum

- nauðsynlegt er að ná til allra félagsmanna

- skýrari skilgreiningu á starfsemi félagsins
- uppbygging KÍ ekki nógu skýr í augum félagsmanna

Hópur 2

- erum við að gera réttu hlutina?
- markvissari markaðssetningu
- hvað er hægt að gera til að efla félagsvitund?

Hópur 3

- efla tengsl við grasrótina
- ímynd kennara út á við hefur þó eflst
- óvissuþættir í tengslum við réttindi og skyldur

Hópur 4

- félagsmenn upplifa sig úr tengslum við félagið- stjórnina
- gera betri markaðssetningu á FG
- eyða meiri tíma í fagmennskuna
- gera nefndarstörf sýnilegri
- jákvæð viðhorf til starfsins eru meiri

Hópur 5

- skólar eru í sókn
- það vantaði skýrari ramma í kjarasamningum
- félagið of langt frá félagsmönnum
- óöryggi væri nokkuð
- betri tengsl á milli forystunnar og almennra félagsmanna

Hópur 6

- stefna að virkari þátttöku félagsmanna með rafrænum samskiptum
- skoða vinnuvernd
- athuga hvernig er hægt að breyta fyrirkomulagi í tengslum við störf í félaginu
- of lítil endurnýjun í stjórnnum og nefndum

6. Kjaramál

Finnbogi ræddi m.a. tvö atriði sem við þurfum að veita athygli. Hvað með „sjúk“ börn í skólunum og að bakgrunnur foreldra skipti meginmáli fyrir gengi nemenda í skóla (vitnaði í könnun sem gerð var á takmörkuðum hópi í Reykjavík). Kristínu Jónsdóttur og Ásdísi Guðjónsdóttur var falið að útbúa ályktun um þessi mál.

Á 10 ára tímabili hafa grunnlaun kennara hækkað hátt í þrefalt. FG vill leggja áherslu á:

- sérstakan kjarasamning fyrir grunnskólakennara
- könnun vegna undirbúnings kjarasamninga 2004
- hækkun grunnlauna
- launaflokkahækkanir vegna kennslureynslu
- endurskoða viðbótarflokka vegna framhaldsnáms
- sveigjanlega kennsluskyldu
- vinnutímaskilgreiningu
- launaflokka vegna verkaskiptingar og færni
- fjölgun orlofa
- möguleika á starfsframa
- umbun til trúnaðarmanna

- nemendafjöldi í bekk / námshópi
- vinnuástöðu
- endurmenntun á starfstíma skóla
- rétt einstaklinga til leyfis á starfstíma skóla

Þetta er kjarastefnan í hnotskurn.

7. Vinnuumhverfi kennara

María Pálmadóttir sagði frá ferð kennara til Danmerkur þar sem skoðað var hið „óáþreifanlega“ vinnuumhverfi kennara. Danska kennarasambandið hefur unnið að því að styðja kennara og byggja upp ráðgjafarþjónustu fyrir þá frá árinu 1993. Kennara sem líður illa í starfi býðst aðstoð ráðgjafa sem vísa málinu áfram ef þurfa þykir. Ýmislegt getur orðið til þess að kennari leitar aðstoðar:

- kulnun í starfi
- depurð
- vandamál (t.d. áfengis) o.fl.

Starf þeirra gengur núna út á það að mynda forvarnarhópa úti í skólunum með það að markmiði t.d. að bæta andrúmsloft á vinnustöðunum og kynna hvert er hægt að leita sér hjálpar (vinnuvernd).

8. Kulnun í starfi

Anna Þóra Baldursdóttir fjallað um kulnun í starfi. Könnun á kulnun í starfi grunnskólakennara og leiðbeinenda í grunnskólum. Hún sagði frá könnun sinni sem beindist að 600 grunnskólakennurum og leiðbeinendum um land allt – svörun var 58,3%, þ.e. 350 manns.

Hún studdist við þríþáttalíkan Maslach:

- | | |
|---------------------------|---|
| • Tilfinningaþrot | T |
| • Hlutgerfing | H |
| • Minnkandi starfsárangur | S |

Áhrifaþættir í starfsumhverfinu (skipta máli)

Samskipti:

- stuðningur
- hvatning til símenntunar
- hrós

Hlutverk:

- hlutverkaárekstrar
- óskýr hlutverk

Vinnuálag:

- skortur á kennslugögnum
- vinnuástaða / virðingarleysi
- kröfur foreldra um betri námsárangur
- aga- og hegðunarvandamál
- samskipti við nemendur

- vinnureglur vegna aga- og hegðunarmála o.fl.
- stórir bekkir
- heimavinna kennara
- aðstæður sem skapast í kennslustund

Tveir mestu álagsþættir að mati kennara:

- vinnuálag
- aga- og hegðunarmál

Tveir mestu hvataþættir að mati kennara:

- áhugi, árangur, vellíðan nemenda
- samskipti, stuðningur samkennara og stjórnenda

Kjaramál, frh.

Farið yfir drög að könnun sem leggja á fyrir félagsmenn.

9. Önnur mál

- a) Lögð fyrir ályktun frá ársfundi Félags grunnskólakennara um viðbrögð stjórnvalda vegna nemenda með geðraskanir og alvarleg hegðunarvandamál í almennum bekkjardeildum. Svohljóðandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Alvarlegt ástand hefur skapast víða í skólakerfinu vegna barna með miklar hegðunar- og tilfinningaraskanir. Ársfundur Félags grunnskólakennara, haldinn á Hótel Geysi 9. – 10. mars 2003, beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að skoða frá öllum hliðum heildstæð úrræði fyrir þennan hóp.

Fundurinn hvetur stjórnvöld til þess að veita fagfólki sem á að sinna málefnum barna með geðraskanir svigrúm og aðstöðu til þess að veita þá þjónustu sem þessi börn eiga rétt á.

Fundurinn skorar á yfirvöld heilbrigðis- félags- og menntamála að bregðast snarlega við þessu brýna málefni og vinna í sameiningu að lausn þess.“

- b) Helgi E. Helgason ræddi um hve nauðsynlegt er að „grasrótin“ láti í sér heyra og komi fram með skoðanir sínar, bæði í Skólavörðunni og á heimasíðu KÍ. Hvetja félagsmenn til að láta í sér heyra með allt sem þeim finnst áhugavert og hafa samband við ritstjórnina. Kristján kennaranemi taldi nauðsynlegt að kennaranemar fengju Skólavörðuna til sín þar sem nauðsynlegt væri að nemar kynntust því sem væri á döfinni.
- c) Fundarmenn tjáðu sig um hve framlag kennaranemanna til fundarins hafi verið áhugavert.
- d) Finnbogi ræddi um kennarahandbókina. Á að gefa hana út eða ekki? Niðurstaðan var sú að bókin verður gefir út enda er þingsamþykkt fyrir því.
- e) Hvað finnst félagsmönnum um að láta framleiða barmmerki með merki félagsins? Miklar umræður um þetta málefni. 13 voru með því en 9 á móti, margir sátu hjá. Verður tekið upp á næsta stjórnarfundi.

- f) Ásdís Guðjónsdóttir tók upp umræður um greiningu á börnum og hvernig það fjármagn sem fylgir slíkum greiningum er nýtt. Gagnrýnt er að þær stofnanir sem sjá um slíkar greiningar eru með langan biðlista eða jafnvel búið að loka þeim. Skólamálaráð eða stjórn eru hvött til að gera ályktun um þessi mál og senda til réttra aðila.
- g) Kristján þakkaði fyrir hönd kennaranema – stúdentaráðs – fyrir boðið á fundinn. Hann taldi að þetta hefði verið fróðlegur og gagnlegur fundur.

Finnbogi sleit fundi kl. 14:50 og þakkaði fundarmönnum fyrir gagnlegar umræður.

Valborg E. Baldvinsdóttir, ritari

Viðauki 5

Fundargerð:

4. ársfundur Félags grunnskólakennara haldinn 14. og 15. mars 2004 á Hótel Keflavík

Mættir: Finnbogi Sigurðsson, Sesselja G. Sigurðardóttir, Alfreð Guðmundsson, Ásdís Guðjónsdóttir, Elín Yngvadóttir, Ásta Ólafsdóttir, Björk Helle Lassen, Brynja Áslaug Sigurðardóttir, Helgi E. Helgason, Ingibjörg Þorleifsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Kolbeinsdóttir, Magnea Einarsdóttir, María Pálmadóttir, Óskar Haukur Níelsson, Ólafur Lárusson, Sigurður Halldór Jesson, Sóley Sigurþórsdóttir, Svava Bogadóttir, Svava Pétursdóttir, Valborg E. Baldvinsdóttir, Þórður Á Hjaltested, Þorbjörg Jóhannsdóttir, Guðrún Eylín Magnúsdóttir, Sigþrúður Harðardóttir, Sturla Þorsteinsson, Jónína M. Arnórsdóttir, Þóra Magnúsdóttir, Gylfi Ólafsson, Sigurður Grétar Ólafsson, Irena Guðrún Kojic, Tryggvi Heimisson, Unnur G. Kristjánsdóttir og Katrín Andrésdóttir.

Fundur hófst kl. 9:00.

Finnbogi Sigurðsson, formaður FG, setti fund og skipaði Þórð Hjaltested fundarstjóra og Sóleyju Sigurþórsdóttur fundarritara.

Fundarstjóri kynnt dagskrá fundarins.

1. Ársskýrsla stjórnar.

Finnbogi Sigurðsson kynnt ársskýrslu stjórnar.

Finnbogi fagnaði þeirri nýjung að nú sæti Óskar Níelsson framkvæmdarstjóri stúdentaráðs KHÍ sem áhreynarfulltrúi í stjórn FG. Auk þess bauð Finnbogi fulltrúa kennaranema við Háskólann á Akureyri, Gylfa Ólafsson sérstaklega velkominn á fundinn en þetta er fyrsta skiptið sem þeir eiga fulltrúa á ársfund FG

Finnbogi gat þess að í fjárhagsáætlun KÍ væri gert ráð fyrir að FG hefði 2 ½ stöðugildi á skrifstofu en það dygði engan veginn og frá haustinu væru 3 stöðugildi nýtt með stöðu Maríu Pálmadóttur en hún starfar einnig fyrir KFR.

Finnbogi ræddi um mikilvægi þess að efla tengslin við svæðafélögin og hinn almenna félagsmann. Formenn svæðafélaganna og stjórn FG funda minnst tvisvar á ári og sagði hann það góðan styrk við starf stjórnar og þakkaði þeim gott samstarf. Til að efla tengslin við félagsmenn hafa formaður og varaformaður lagst í ferðalög og markmiðið er að komast í alla skóla á kjörtímabilinu, ekki er þó enn ljóst hvort það næst. Umræður á þessum fundum hafa eðlilega snúist mest um kjaramál.

Miklar breytingar hafa orðið í samninganefnd á kjörtímabilinu þar sem 2 aðalmenn og 1 varamaður hafa farið úr nefndinni í leyfi eða farið í önnur störf og eru því varamennirnir Ólafur Lárusson og Sigrún Ágústsdóttir komin inn sem aðalmenn. Störf samninganefndarinnar hafa gengið vel en fundir við Launanefnd sveitarfélaganna hafa verið erfiðir.

Samskipti við trúnaðarmenn voru með hefðbundnu sniði og gengu í alla staði vel. Stjórnin leggur áherslu á að starf trúnaðarmanna hefur aukist í kjölfar síðustu samninga og að nauðsynlegt sé að umbun til þeirra náist í gegnum kjarasamninga. Meðan ekki kemur umbun annars staðar frá hefur stjórn FG samið á ný við Orlofssjóð um orlosávísanir og hafa trúnaðarmenn fengið sendar ávísanir að upphæð kr 10.000 hver til að greiða fyrir orlofsdvöl í orlofshúsum Kennarasambandsins og var kostnaður síðasta árs upp á 1,6 milljónir.

Formaður og/eða varaformaður sóttu haustþing kennara og voru það ánægjulegar heimsóknir og mikill metnaður í gangi á svæðunum.

Uppstillingarnefnd hefur ekki tekið til starfa og var því öll boðuð á ársfundinn þar sem styttist í aðalfund FG og þing KÍ.

Finnbogi ræddi stuttlega um norrænt samstarf og gat þess að alls staðar á Norðurlöndunum er verið að kljást við sömu verkefni þ.e. laun og vinnuumhverfi.

Finnbogi fjallaði ekki um störf skólamálanefndar en bauð formanni nefndarinnar að segja frá störfum nefndarinnar.

Áður en Kristínu Jónsdóttur var gefið orðið það fundarstjóri fundarmenn um að kynna sig.

Skólamálanefnd hélt 4 fundi á síðasta ári og hefur starfið að mestu farið í umræður um hin ýmsu skólatengdu mál og í að undirbúa málþing og ráðstefnur s.s. ráðstefnu um AD/HD í samstarfi við foreldrasamtök og fleiri aðila. Nýafstaðið er svo skólamálaþing sem gekk vel en ljóst er þó að kennarar eru sparsamir á laugardagana og telur Kristín eðlilegt að skoða málið fyrir næsta þing.

Skólamálanefnd hefur sent öllum kennurum síðareglurnar og veggspjald með reglunum var sent í skólana.

2. Reikningar félagsins:

Helle Lassen kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2003 og bauð hún fundarmönnum að spyrja jafnóðum. Fram kom að skrifstofukostnaður er lágur þar sem rekstur skrifstofunnar færir til á KÍ. Undir liðnum sérstök verkefni eru hlutir eins og skoðanakannanir sem gerðar hefa verið meðal félagsmanna.

Rætt um kostnað nefnda en hann er að mestu fólgin í greiðslu ferðakostnaðar.

Unnur spurði hvers vegna væri lækkun á reikningi milli ára.

Finnbogi svaraði að það væri tilkomið vegna þess að kostnaður við Olweusar verkefnið væri allt fært á árið 2002.

Fundarmenn þyrsti að vita hvers vegna væri lækkun á launakostnaði en ástæða þess var að 2 formenn voru á launaskrá mest allt árið 2002, en á móti því var varaformaður ekki í 100% starfi fyrr en á haustdögum 2003.

Finnbogi taldi að erfitt yrði að nota þetta reikninguppgjör til að sækja meira fé frá KÍ þar sem hallinn væri einungis 500 þúsund.

Fundarstjóri opnaði nú almennar umræður um skýrslu stjórnar og reikningana.

Sturla beindi spurningu til formanns skólamálanefndar um hvort nefndin hefði rætt um heimanám.

Kristín svaraði að það hefði nefndin gert og miklar áhyggjur væru sérstaklega vegna yngstu nemendanna þar sem skóladagurinn hefði lengst svo og skólaárið. Sturla tók undir þessar áhyggjur formanns.

María spurði um umræður skólamálanefndar um kennaramenntun.

Kristín sagði að nefndin hefði rætt um framhaldsnám og m.a. að kennarar komast ekki í framhaldsnám í Listaháskólanum. Einnig gat Kristín þess að til staði að funda með Ingvari Sigurgeirssyni frá KHÍ m.a. um diplómanám fyrir stuðningsfulltrúa.

Fyrirspurnir komu um Olweusarverkefnið, hver hefði verið kostnaður FG og hvaðan fé til þessa verkefnis hefði komið og hvort halda ætti áfram með verkefnið.

Finnbogi svaraði því til að FG hefði fengið styrk úr Vonarsjóði kr. 3,2 milljónir og hefði hann staðið undir kostnaði en framhald væri ekki ákveðið. Unnur kvaddi sér hljóðs um málið en hún var í nefndinni er stýrði verkefninu auk þess að vera verkefnisstjóri í sínum skóla. Hún taldi að verkefnið hefði skipt sköpum fyrir marga skóla og árangurinn er sérlega góður í unglingsbökkjum skv. þeim tveimur könnunum sem lagðar hafa verið fyrir.

Fyrirspurn kom um fjármögnun sjúkrasjóðs en hann er fjármagnaður af launagreiðanda.

Fleiri tóku ekki til máls og bar fundarstjóri upp árskýrsluna og reikingana til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Finnbogi gat þess að nú væru áætlanir og uppgjör sett upp á sama bókhaldsformi og því allur samanburður auðveldari.

3. Fréttir frá samninganefnd:

Finnbogi rakti gang samningaviðræðnanna en 11 fundir hafa verið haldnir frá hausti. Samninganefndin hefur verið mjög virk og hittist alltaf og fundar áður en hún mætir í Karphúsið. FG fór fram á að sáttasemjari kæmi að samningaviðræðunum til að ekki kæmi upp ágreiningur um túlkun eftir á eins og við síðustu samningagerð.

Viðræðunefndin kannaði hvort vilji væri á framlengingu núverandi samnings fram á haustdaga gegn sambærilegum hækkunum og ríkið greiðir framhaldsskólakennurum en ekki tókust sáttir um það. Fjórir 3ja manna vinnuhópar eru starfandi, þar sem í sitja einn fulltrúi FG einn frá SÍ og tveir frá sveitarfélögunum. Vinna þessara hópa gengur vel og eru fulltrúar FG og SÍ mjög samstíga. Þessir vinnuhópar eiga að skila álitu sínu 17.mars og þann 18. verður formlegur fundur. Á fundinum þann 18. vill Finnbogi að samninganefndin geri þær kröfur að kraftur verði settur í samningagerðina þar sem stýttist í að samningar renni út.

Finnbogi rakti einnig helstu áhersluatriði sveitarfélaganna þar sem m.a. kom fram að þeir vilja endurskoða úthlutun úr launapotti, draga úr sveigjanleika, styrkja rétt skólustjóra til að ráðstafa vinnutíma kennara, draga úr lífaldurshækkunum og kennsluafslætti, endurskoða endurmenntunarsjóði, endurskoða störf deildarstjóra o.s.frv.

Líflegar umræður urðu um þennan lið dagskrárinnar og spurt um gang mála, verkfall og tímasetningu þess. Finnbogi sagðist ekki finna fyrir samnigsvilja

sveitarstjórnarmanna og skoða þyrft vel hvenær verkfallssumræðan ætti að koma upp á yfirborðið. Ferli boðunar verkfalls er í það minnsta sex vikur.

Fundarmenn voru sammála um að bíða ætti fram að mánaðarmótum með umræðu um verkfall en studdu formann í þeirri hugmynd að hafa atkvæðagreiðslu í vor og miða við verkfall ef til kæmi um miðjan september.

4. Stúdentaráð KHÍ

Framkvæmdastjóri ráðsins Óskar H. Níelsson ávarpaði fundinn og þakkað sérstaklega þá nýbreytni að ráðið ætti áheyrnarfulltrúa í stjórn FG.

Óskar lýsti stjórnskipulagi skólans þ.e. aðkomu nemenda sem hann taldi til fyrirmyndar. Ekki væri gert upp á milli deilda skólans þrátt fyrir að þær væru misstórar. Óskar nefndi að helstu baráttumál stúdenta væru húsnæðismál en KHÍ er stærsti aðilinn í BÍSN og BN. Einnig ræddi hann hlut nemenda í nýafstöðnu málþingi skólans og talaði um mikilvægi aðþjóðasamstarfs stúdenta. Hann gat þess einnig að skólinn litaðist talsvert af því að mikið væri um fjarnámsnema.

Fjörlegar umræður urðu um málefni skólans og fýsti kennara sérstaklega að heyra um hug nemenda til lengingar kennaranámsins í 4 ár. Óskar taldi að mjög lifandi umræða væri á meðal hluta nemenda um lenginguna en spurningin væri hvaðan þrýstingurinn ætti að koma þ.e. frá akademíunni eða stéttarfélaginu.

Óskar gat þess sérstaklega í umræðunni að stúdentaráðið væri ópólitískt samstarf ólíkt stúdentaráði HÍ og áhersla á fagleg viðhorf til málanna frekar en pólitískt.

Undir þessum lið tók fulltrúi norðanmanna, Gylfi Ólafsson til máls og þakkaði boð á ársfundinni en sagði ljóst að þar sem kennaradeildin á Akureyri væri lítil væri umræðan meira á baráttumálum skólans í heild frekar en sérstöðu kennaradeildarinnar og hvort lengja ætti námið í 4 ár.

Fundarsjóri óskaði eftir að fá samþykki fundarins til að breyta röð dagskrárliða vegna þess að gestir fundarins frá FF og FL væru ókomnir. Engar athugasemdir voru gerðar og var því komið að 6.lið dagskráinnar .

6. Önnur mál

Fyrstur tók til máls formaður vor, Finnbogi.

Ferðamál, sú breyting hefur orðið að nú er óskað eftir að kennarar sem ferðast á vegum KÍ leggi út fyrir kostnaði ferðanna en fái endurgreitt innan viku. Er þetta eingöngu gert til að geta lækkað ferðakostnað þar sem einstaklingar geta nýtt sér tilboð t.d. af netinu.

Næst ræddi Finnbogi um lögverndunarmálin þar sem leyfisbréfin gefa öllum opinn réttindi til að kenna hvaða grein sem er. Finnbogi viðraði þessi mál er hann hitt nýskipaðan menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra hefur sett fram þá stefnu að hann vilji taka upp lög um grunnskóla og tók ráðherra vel í það mál að skoða lögverndunarlögin samhliða. Finnbogi gat þess að sveitarstjórnarmenn telji að afnema eigi löggin því skólastjórar séu færir um að meta starfsmenn sína. Vegna fyrirspruna frá fundarmönnum um undanþágur sagði Finnbogi viðhorf sveitarstjórnarmanna hið sama, að skólstjórar séu færir í að meta hæfi umsækjenda. Enginn vinna er farin í gang um lögverndunarmálið en Kristín gat þess að skólamálanefndin vill fara varlega í breytingar en telur að ákveðin takmörkun réttinda kæmi til greina.

Formaður KFR spurði hvar fyrirspurn Ingvars kennslustjóra KHÍ um að leiðbeinendur störfuðu einungis undir stjórn kennara væri í kerfinu? Finnbogi kannaðist ekki við að hafa fengið þessa fyrirspurn en kvaðst mundu athuga málið.

Spurt var um starfsheitið sérkennari og sagði Finnbogi að það væri eðlilegt að gera þá kröfu að enginn gæti kallað sig sérkennara nema hafa lokið 30 einingum í framhaldsnámi um sérkennslu í stað þess að þeir sem starfa við sérkennslu í 50% starfi eða meira megi nota það.

Magnea vildi hvetja menntamálaráðherra til að hafa lit FG (appelsínugulan) á stefnumálum sínum um grunnskólann.

Undir liðnum önnur mál tók Kristín Kolbeinsdóttir næst til máls. Hún vildi beina því til formanna svæðafélaganna að bjóða Valdísi Jónsdóttur, talmeinafræðingi á haustþing til að fjalla um röddina, aðalvatvinnutæki kennarans. Hún beindi máli sínu einnig til stúdenta og hvatti þá til að gera kröfu um slíka fræðslu inn í námið. Óskar gat þess að námskeið væri á 3ja ári um talmál og raddvernd.

Fundarstjóri frestaði nú 6. dagskrárlið og bauð velkomna til fundarins þær Elnu Katrínu Jónsdóttur frá FF og Björgu Bjarnadóttur frá FL og gaf þeim orðið undir 5. dagskrárlið fundarins.

5. Brú á milli skólastiga

Elna Katrín reifaði helstu mál sem borið hafa á góma sérstaklega í umræðunni um styttingu framhaldskólans. Hún sagði að nefndin sem skipuð hefði verið til að skoða þessi mál hefði tekið mjög faglega á málinu en frá FF væri Hjördís Þorgeirsdóttir í nefndinni en hún er fyrrum formaður skólamálanefndar KÍ.

Margir fletir væru í umræðunni og spyrja mætti hvort ekki væri eðlilegra að hafa skilin milli þessara skólastiga fljótandi þannig að nemendur væru á mismunandi aldri er þeir yfirgæfu skólana. Þau mál er brýnt væri að skoða snertu m.a. réttindamál kennara eins og mismunandi undirbúningtíma eftir því hvort kennari starfaði í framhaldsskóla eða grunnskóla, mislangt skólaár í þessum skólum og að mismunandi rekstraraðilar væru að skólunum. Skoða þyrfti betur form framhaldsskólans, þar sem við síðustu breytingar voru lögfestar þrjár bóknámsdeildir með ákveðnum inntökuskilyrðum. Almenna deildin er þjóna átti þeim er ekki fullnægðu inntökuskilyrðunum hefur hvorki fengið faglegan né fjárhagslegan stuðning og þau markmið að minnka brottfall nemenda í framhaldsskólunum og bjóða upp á fleiri starfsbrautir væri hvorki fugl né fiskur.

Álit FF og KÍ í þessu máli væri ljóst, fagmennska og nýjungar í námi og kennslu ættu að stýra þessum breytingum.

Skoða þyrfti menntun kennara og hvað ætti að flytja til t.d. úr framhaldsskólum og í grunnskólana og hvort skipta ætti grunnskólanum í þrjú aldursstig þar sem áherslan yrði lögð á greinabundið nám í unglingsáldunum.

Að lokum lagði Elna Katrín áherslu á að skoða þyrfti öll skólastigin allt frá leikskóla til háskóla og menntun kennaranna.

Björg Bjarnadóttir fjallaði um brúna milli leikskóla og grunnskóla út frá sjónarhorni leikskólans. Hún minnti á að með nýjustu lögum um leikskólana væru þeir taldir

fyrsta skólastigið og hefði það falið í sér gríðarmikla stefnubreytingu um innihald starfsins.

Hún lagði mikla áherslu á sveigjanleikann og hvort gera ætti síðasta ár leikskólans að skólaskyldu. Hún lagði einnig áherslu á að undirbúa allar breytingar vel og benti á að algengt er í öðrum löndum að leikskólakennarar sjái um menntun yngsta hópsins í grunnskólunum.

Björg benti á mismunandi hugtakanotkun á skólastigunum og að það bæri að skoða vel hvort þau væru stefnumótandi um störf kennara. Meðan leikskólinn talar um barn, leik og uppeldi tala grunnskólakennarar um nemanda, nám og kennslu.

Björg gat þess að stefana FL væri að gera alla leikskóla einsetna og væri það grundvallaratriði til að styrkja leikskólastigið.

Umræður: Margir tóku til máls og studdu hugmyndir viðmælenda um fljótandi mörk skólastiganna og bentu bæði Elna Katrín og Björg á að ýmis réttindamál yrði að leysa s.s. mörk skólaársins og launamál þeirra er störfuðu á “milli stiga” þ.e. þeirra sem t.d. kenndu framhaldskólaáfanga innan grunnskólans en í dag eru slík mál í miklum ólestri.

Elna lagði áherslu á að þessi umræða hrindir af stað umræðum um ábyrgð og skyldur skólanna um t.d. að meta nám frá öðrum skólastigum. Og gæti einnig ýtt á skólaþróun og fjölbreytileika og flæði nemenda á milli skólastiga.

Magnea beindi spurningu sinn til Bjargar um hvort skil milli leikskóla og grunnskóla ættu að vera valfrjáls foreldrum en taldi Björg það ekki vera kost og til að valið væri raunverulegt þyrfti að gera elsta stig leikskólans að skyldu og benti á að það væri einnig fjárhagsleg spurning.

FL telur að öll börn ættu að fá 6 stundir á dag í leikskóla án endurgjalds og eðlilegt að halda aldursskilunum eins og þau eru í dag og leyfa 5 ára nemendum að njóta bernskunnar við leik og störf. Björg minnti aftur á hugtakamismuninn og taldi að hugsanlega væri það gott fyrir fagmennsku leikskólans að breyta orðaförða sínum en þó ekki víst.

Minnst var á nýjan ráðherra og samræmdu prófin en Elna Katrín taldi nauðsynlegt ef skilin milli skólastiganna yrðu fljótandi þyrfti að búa til færa leið t.d. með því að leyfa endurtöku á prófunum og að hugleiða mætti hvort nemendur í 8. bekk veldu hvort þeir ætluðu að ljúka grunnskólanum eftir 2 eða 3 ár.

Fundarstjóri þakkaði gestum góð erindi og greið svör.

6. liður Önnur mál frh.

Kristín Kolbeinsdóttir kynnt fyrirhugaðar úthlutunarreglur vinnudeilusjóðs. Sjóðurinn byrjar að greiða út eftir 2 vikur í verkfalli og greiðslan miðast við 3000 kr á dag fyrir fullt starf og eru tekjurnar skattskyldar. Gert er ráð fyrir að kennarar skili inn skattkorti til vinnudeilusjóðs í gegnum trúnaðarmenn skólanna.

Orlofssjóður lýkur við að gera upp skuldir sínar við verkfallssjóð 1.apríl næstkomandi.

Spurt var um ávöxtun sjóðsins og sagði Kristín að það væri fylgst mjög vel með þeim málum og vaxtatekjur síðasta árs væru 61 milljón. Málverkasölu bar á góma og gat Kristín þess að ef sjóðurinn stefndi í þrot myndi hið umtalaða málverk vinnudeilusjóðs verða selt.

María formaður KFR sagði frá starfi þemanefndar um sálfélagslegt vinnuumhverfi. Á ársfundi KÍ skilaði nefndin skýrslu sem finna má á vefsvæði KÍ og lagði fram tillögu um að stofnuð yrði fastanefnd er fjallaði um vinnuumhverfismál.

María sagði frá því að KFR hefði boðið 6 skólum að taka þátt í handleiðsluverkefni og væri verkefnið styrkt af FG. Í svörum Maríu um verkefnið gat hún þess að mikil ánægja er ríkjandi í handleiðsluhópunum en stunduð væri gagnkvæm handleiðsla undir stjórn Elínar Jónasdóttur kennara og sálfræðings. Skýrsla um verkefnið verður unnin.

Þemanefndin er einnig að vinna skýrslu um menntun félagsmanna og verður henni skilað á þingi KÍ.

6. Samantekt og fundarslit.

Finnbogi þakkaði góða samveru og fundarsetu, minnti á að aðalfundur FG yrði í febrúar 2005 og þing KÍ í mars og sleit 4. ársfundi FG klukkan 15:30.

Fundarritari Sóley Sigurþórsdótti

Félag grunnskólakennara

